

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um búsetu fatlaðra, nr. 296/2002, sbr. reglugerð nr. 685/2002.

#### 1. gr.

Í stað 4. - 7. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar koma 4.-6. mgr., svohljóðandi:

Gerður skal húsaleigusamningur við hvern og einn íbúa sambýlisins um þann hluta sambýlisins sem hann hefur afnot af. Eigi íbúi óhægt með að undirrita leigusamning og gera sér grein fyrir þýðingu hans, skal forsvarsmaður svæðisskrifstofu eða þjónustu við fatlaða á viðkomandi svæði, staðfesta yfirlýsingu þar sem lýst er því húsnaði sem íbúinn hefur afnot af.

Um leigufjárhæð fer sem hér segir:

Leiga á mánuði:

Herbergi minna en 10 m <sup>2</sup>	kr. 11.000
Herbergi 10 – 14 m <sup>2</sup>	kr. 13.000
Herbergi stærra en 14 m <sup>2</sup>	kr. 15.000
Herbergi með snyrtingu	kr. 18.000
Ígildi 2ja herbergja íbúðar	kr. 23.000

Fjárhæð húsaleigu er endurskoðuð í janúarmánuði ár hvert og tekið mið af bótum almannatrygginga eða vísitölu neysluverðs eftir því sem er fötluðum hagstæðara.

Samanlagt framlag íbúa til heimilissjóðs og húsaleigu, að teknu tilliti til húsaleigubóta, nemi þó ekki hærri fjárhæð en 80% af örorkulífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka eða jafngildi þess.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og með stöð í 3. gr. laga nr. 52/2001, um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, öðlast gildi 1. janúar 2003.

*Félagsmálaráðuneytinu, 10. desember 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Þorgerður Benediktsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum frá Noregi.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. sérstökum samningi milli Íslands og Noregs um viðskipti með landbúnaðarvörur og á grundvelli viðauka IV A við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993. Reglugerð þessi gildir um innflutning á smurosti frá Noregi og með upprunavottorð þaðan.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0406.3000	Smurostur	01.01.2003 - 31.12.2003	13.000	0	0

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgða-tollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar nr. 416/2002 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

## 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 65. gr. og 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2002.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll: